

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs

Fjarfundur var haldinn í stjórn Sprotasjóðs 9. desember 2015. Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Björk Óttarsdóttir, Svandís Ingimundardóttir og Aðalheiður Steingrímsdóttir. Finnur Friðriksson og Sigrún Vésteinsdóttir, umsýsluaðili Sprotasjóðs sátu fundinn í HA á Akureyri.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 13:00. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari. Eftirfarandi liðir voru ræddir.

1) Skipulag næsta árs og auglýsing

Umsýsluaðili fór fyrir tímalínu umsóknarferlisins frá síðasta ári. Lagt er til að vinnuferlið verði svipað og á síðasta ári en stefnt er að því að senda út auglýsingu fyrir umsóknir í kringum 8. janúar og opna þá fyrir umsóknir. Stefnt er það því að klára yfirferð umsókna fyrir páska og er miðað við að búið verði að fara yfir umsóknir 22. mars.

Auglýsingin vegna umsókna frá því í fyrra var skoðuð og var ákveðið að hafa hana með sama sniði. Rætt var um hvernig væri best að koma því á framfæri að sjóðurinn styrkir ekki prent- og útgáfukostnað né heldur námsefnisgerð. Fram til þessa hefur verið greint frá þessu í umsóknarforminu en rætt var um hvort að þessar upplýsingar ættu að vera aðgengilegar víðar fyrir umsækjendur. Rætt var um að gott væri að setja þessar upplýsingar inn í svarbréf sem sent er til umsækjenda.

Sigurjón upplýsti sjóðsstjórn um að samkvæmt fjárlögum nú þá væri gert ráð fyrir 58,3 milljónum króna til Sprotasjóðs.

2) Áherslusvið komandi árs

Mikil og frjó umræða spannst um það hver ættu að verða áherslusvið komandi árs. Hér eru nokkrar af þeim hugmyndum sem að nefndarmenn komu fram með og ræddu sín á milli:

Frumkvöðla- og nýsköpunarmennt

Kynhlutverk og jafnræði

Nemendur af erlendum uppruna

Námsmat á mörkum skólastiga

Innleiðing menntastefnu, fjölbreyttir kennsluhættir

Virkni nemenda í námi

Skóli sem lærdómssamfélag

Svæðisbundið samstarf - skólar stilli sig saman á sama svæði, ákveðin áhersla

Tvítyngdir nemendur

Raunprófaðar kennsluáferðir - best practic

Læsi

Stjórnin var nokkuð sammála um að draga út fjórar af þessum hugmyndum og leggja fyrir ráðherra sem hugmyndir að áherslusviðum fyrir komandi úthlutunarár. Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar mun leggja þessar hugmyndir fyrir ráðherra um leið og umsýsluaðili mun senda frá sér fundargerð og drög að nýrri auglýsingu.

- 1) Frumkvöðla- og nýsköpunarmennt
- 2) Kynhlutverk og jafnræði
- 3) Nemendur af erlendum uppruna
- 4) Námsmat á mörkum skólastiga

3) Staða mála og skil á skýrslum

Umsýsluaðili fór yfir stöðu mála á skilum á lokaskýrslum vegna verkefna sem sjóðurinn hefur styrkt. Nokkur dæmi eru um að verkefni dragist á langinn og að lokaskýrslur komi þó nokkru eftir áætlaðan skiladag. Einnig er mjög algengt að lokaskýrslum sé ábótavant þegar þeim er skilað inn til umsýsluaðila. Yfirleitt er það vegna ófullnægjandi rekstarreiknings eða að niðurstöðukaflinn gefi ekki nægilega skýra mynd af því hvernig tókst að ná settum markmiðum verkefnisins.

Umsýsluaðili ræddi eitt dæmi þar sem erfiðlega hefur gengið að fá lokaskýrslu frá einum styrkþega en í því tilfalli hafði verkefnastjóri verkefnisins látið af störfum og ekki klárað að ganga frá skýrslu. Einskonar áfangaskýrslu var skilað til umsýsluaðila en í ljósi þess var ákveðið í samráði við styrkþega að ljúka málinu þannig að styrkþegi myndi ekki fá seinni greiðslu styrksins. Þetta er gert í samráði við fjármálasvið ráðuneytisins og styrkþega. Upphæðin sem átti að greiðast til styrkþega við skil á lokaskýrslu er 240.000 kr. en hún fer þá aftur inn til sjóðsins.

Einnig fór umsýsluaðili yfir eitt annað mál þar sem erfiðlega hafið gengið að fá nægilega nákvæma lokaskýrslu en þegar slík mál koma upp er leitað til stjórnar sjóðsins.

4) Önnur mál

Aðalheiður frá KÍ vakti máls á erindi sem að Kennarasamband Íslands hafði sent frá sér 2. júní, síðastliðinn til menntamálaráðherra og til stjórnar Sprotasjóðs þar sem sambandið hvetur til þess að fjárframlög séu aukin til Námsgagnasjóðs, Þróunarsjóðs námsgagna og til Sprotasjóðs. Aðalheiður hvetur stjórn sjóðsins til að skoða þetta mál nánar og formaður stjórnar ætlar að skoða hvar þetta mál er stadd í málakerfi ráðuneytisins. Stjórn vill að þetta mál sé rætt enn frekar og verði tekið upp á næsta fundi.

Aðalheiður spurði einnig hvar málin stæðu varðandi hugmyndir um breytingar á umsýslu sjóðsins en ákveðið var af ráðuneytinu, síðastliðið vor, að endurnýja þjónustusamning um umsýslu Sprotasjóðs við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA). Í þessum nýja samningi er hins vegar ákvæði um það að á árinu 2016 skuli meta fýsileika þess að RHA og Rannís hefji samstarf um umsýslu. Umsýsluaðili er meðvitaður um það og mun skoða það á nýju ári, 2016.

Einnig var rætt um að það væri orðið tímabært að haldin yrði kynning á nokkrum af þeim verkefnum sem unnin hafa verið innan Sprotasjóðs. Finnur ætlar að kanna óformlega hvort að það sé grundvöllur fyrir því að vera með kynningu á verkefnum á vegum Sprotasjóðs á vorráðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar.

Stjórn sjóðsins var sammála um að mikilvægt væri að halda annan fund í janúar eða febrúar til að ræða nánar ýmis málefni sjóðsins áður en yfirferð úthlutana hefst í byrjun mars.

Fundi var slitið 14:35.